

## Lóðasláttur eldri borgara

Þeir eldri borgarar sem þarfnast lóðasláttar, þurfa að sækja um það á skrifstofu Dalabyggðar, einnig er umsóknareyðublaðið að finna á heimasíðu Dalabyggðar.

## Liðveitandi

Félagsþjónustan í Dalabyggð auglýsir eftir einstakling til að starfa sem liðveitandi.

Um er að ræða hlutastarf (um 12 tíma á mánuði) og er því tilvalið sem aukastarf með námi eða öðru starfi. Laun eru samkvæmt kjarasamningi.

Það eru til börn og unglingar sem gætu þegið stuðning þinn!

Nánari upplýsingar veita Inga Vildís Bjarnadóttir félagsmálastjóri og Thelma Eyfjörð félagsráðgjafi í síma 433-7100.

## Ljósmyndasamkeppni

Ljósmyndasamkeppni verður á hátíðinni *Heim í Búðardal*. Bestu myndirnar verða sýndar á bæjarhátíðinni og vonandi eitthvað fram eftir sumri. Samhliða verða allar myndirnar sýndar á vefnum.

Myndum skal skila á stafrænu formi í prentupplausn á netfangið [ferdamal@dalir.is](mailto:ferdamal@dalir.is). Myndirnar eiga að vera nýlegar, viðmiðið er að þær séu ekki eldri en 5 ára.

Kept verður í þremur flokkum; landslag í Dölum, dýralíf í Dölum og mannlíf í Dölum

## Umhverfisviðurkenningar

Sú nýbreytni verður tekin upp á bæjarhátíðinni *Heim í Búðardal* að veittar verða umhverfisviðurkenningar. Tekið verður við tilnefningum þegar nær dregur.

Veittar verða viðurkenningar fyrir

- snyrtilegasta fyrirtækið í Dalabyggð
- snyrtilegasta garðinn í Búðardal
- snyrtilegasta býlið í Dalabyggð



# DALAPÓSTURINN

9. tölublað, 11. árgangur

11. júní 2018

## Nefndarstörf í Dalabyggð

Nýkjörin sveitarstjórn Dalabyggðar óskar eftir því að einstaklingar sem hafa áhuga á að starfa í nefndum Dalabyggðar 2018-2022 gefi kost á sér með því að senda tölvupóst á [dalir@dalir.is](mailto:dalir@dalir.is) eða hafa samband við skrifstofu Dalabyggðar í síma **430-4700**.

Sveitarstjórn mun skipa í flestar nefndir á 162. fundi sveitarstjórnar þann 14. júní nk. Þeir sem hafa áhuga á nefndarstörfum þurfa því að senda póst og/eða hafa samband við skrifstofu fyrir hádegi 14. júní nk.

Nefndirnar sem um ræðir eru nefndir skv. A-hluta 48. gr. samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Dalabyggðar.

1. Umhverfis- og skipulagsnefnd (5 aðalmenn og 5 varamenn)
2. Félagsmálanefnd (3 aðalmenn og 3 varamenn)
3. Fræðslunefnd (5 aðalmenn og 5 varamenn)
4. Menningarmálanefnd (3 aðalmenn og 3 varamenn)
5. Atvinnumálanefnd (5 aðalamenn og 5 varamenn)
6. Fjallaskilaneindir (3 aðalmenn og 3 varamenn í hverja fjallaskilaneind)

*Fyrir hönd nýkjörinnar sveitarstjórnar*

*Eyjólfur Ingvi Bjarnason*

*starfsaldursforseti*

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur